

Nd.

19. Frumvarp til laga

[19. mál]

um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

3. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á 33. gr. stjórnarskrárinnar var borið fram á síðasta Alþingi, með þeim ákvæðum um lækkun aldursmarks til kosningarréttar, sem hlutu samþykki á því þingi, var þess getið, að nauðsynlegt væri, þegar til endanlegrar samþykktar þeirrar stjórnarskrárbreytingar kæmi, að afstöðnum Alþingiskosningum, að breytt yrði þeim ákvæðum laga, þar sem sömu sjónarmið ættu við.